


Nettengd Biblía fyrir börn kynnir

Sýnir Esekíels



Höfundur: Edward Hughes
Myndskreytingar: Lazarus

Þýðandi: Þráinn Kristjánsson
Aðlagð af: Ruth Klassen

Saga 29 af 60

www.M1914.org


Bible for Children, PO Box 3, Winnipeg, MB R3C 2G1 Canada

Skilmálar: Þér er heimilt að afrita eða prenta þessa sögu, en ekki selja.

Íslenska


Icelandic

Fyrir langa löngu síðan réðust öflugir herir
á Júða. Fjöldi af fólki Guðs var tekið til fanga, og
flutt til Babýlon.




1

Langt í burtu frá föðurlandinu, gyðingar þessir,
og þeirra á meðal spámaðurinn Esekíel, bjuggu við
Kebarfljót.




2

Dag nokkurn, byrtust Esekíel guðdómlegar sýnir af skærum ljósum er líktust fjórum leiftrandi verum. Hver þeirra hafði fjögur andlit og fjóra vængi.




3

Fyrir ofan byrtist stórfenglegt saffírhásæti, upplýst af skærum bjarma er líktist regnboga í ljósum logum. Þegar Esekíel sá dýrðina, féll hann fram á ásjónu sína.



4

Orð Guðs kom til Esekíel. "Far þú nú til Ísraelsmanna, sem er uppreysnarsamt fólk er komið hefur upp á móti mér, og fær þeim orð mín."




5

Þá birtist hönd er hélt á handriti. "Ét handrit þetta," sagði Guð, "og far síðan til Ísraelsmanna og ber þeim orð mín." Esekíel hlýddi, borðaði handritið og fór.



6

Þá lifti andi Guðs Esekíel upp og bar hann til útlaganna er bjuggu fjarri, annars staðar við Kebarfljótið.




7

Þar sat hann meðal fólksins í sjö daga, furðu lostinn yfir því sem hann sá. Þá setti Guð Esekíel sem vörð yfir Ísrael, til að vara óguðlegt fólk við að óhlýðnast Guði.



8



Esekiel, af hlýðni við Guð, gerði margt furðulegt til að koma skilaboðum Guðs skýrt og greinilega til fólksins. Meðal annars krotaði hann mynd af Jerúsalem á leirplötu, af öflugum her allt í kringum borgina, til að sýna fólkinu að hin heilaga borg Guðs yrði lögð í rúst fyrr en síðar.

9

Ísrael hafði óhlýðnast Guði í 390 ár, og Júda í 40 ár. Þess vegna hafði Ísrael fallið í rúst, og Júda mundi falla bráðlega.



10

Guð sagði Esekiel að liggja á vinstri hliðinni í 390 daga, og síðan á hægri hliðinni í 40 daga, til að minna fólkið á syndsemi þess.




11

Líklegt er að fólkið héldi að Esekiel væri eitthvað undarlegur. En hann hlýðnaðist Guði fullkomlega. Dag einn rakaði hann af sér hárið og brenndi þriðjung þess.



12

Tilgangurinn var að sýna fólkinu að þriðjungur Jerúsalem búa mundi deyja af sjúkdómum og hungursneyð eftir árás Babýloníuhers á borgina.



13

Svo tók Esekiel annan þriðjung hárs síns og saxaði með sverði, sem átti að tákna að þriðjungur fólksins mundi falla fyrir sverðum óvinanna.




14

Eftir að sauma fáein hár inní fald flíkar sinnar, sem merki þess að Guð mundi bjarga sumu fólki sínu og skila því til fyrirheitna landsins, fleygði hann síðasta þriðjungnum uppí vindinn.



15

Spámaðurinn hugrakki sagði hinum hernumdu gyðingum, að ástand þeirra mundi versna. Fólkið reyddist Esekíel, en hann hélt áfram að flytja þeim Guðs orð.



16

Dag einn, er Esekíel sat með öldungum Ísrael, birtist honum sýn frá Guði þar sem Guð lifti honum upp á hárinu, og bar hann til musterisins í Jerúsalem.




17

Í musterinu, sýndi Guð Esekíel allskonar myndir af skepnum, skriðkvikindum og skurðgoðum sem áttu ekkert erindi í musterinu Guðs, er sýndu syndsemi fólksins og vanviðingu þess fyrir Guði.



18

Þetta tilbáðu öldungarnir, í stað Guðs. Þá sagði Guð Esekíel, að nú mundi dýrð Drottins yfirgefa musteríð, og að það mundi falla í rúst. Er sýninni lauk, sagði Esekíel gyðingunum frá.








19




Allt kom fram sem Guð sagði. Jerúsalem féll í rúst. Fjöldi fólks missti lífið. Þegar hernumdu gyðingarnir í Babýlon heyrðu þetta, veltu þeir fyrir sér hvort Guð mundi nú gefast upp á fólkinu sínu fyrir fullt og allt.

20




Pá sagði Drottinn, "Mannssonur, spáðu, og segðu, 'Lífsandi, kom þú úr áttunum fjórum og blás á hina látnu svo þeir lifni við.'" Esekíel hlýddi Drottni, og lifnuðu þeir við. Þarna reis upp fjölmennur her.




27

Guð vissi að gyðingarnir í Babýlon höfðu misst vonina er Jerúsalem féll. Hann sendi þeim orð í gegnum Esekíel, "Þessi bein tákna alla ísraelsku þjóðina, og ég mun setja í ykkur anda minn og færa ykkur inni ykkar eigið land."




28

Pvílíkur vonarboðskapur frá Guði! Loforðin sem Guð gaf í gegnum Esekíel komu öll fram þegar gyðingarnir snéru aftur heim á leið.



29

Þeir vissu að það var Drottni þeirra að þakka, að þeir komust aftur heim. Þú getur alltaf reitt þig á orð Guðs.



30

Sýnir Esekíels

Sögu þessa úr heilagri ritningu, biblíunni,

er að finna í

Esekíel 1-37

"Þegar orð þín ljúkast upp, ljóma þau."
Sálmarnir 119:130

Guð veit að við höfum öll gert rangt af okkur, sem hann kallar synd. Hegning syndarinnar er dauði.

Guð elskar okkur svo mikið að hann sendi son sinn, Jesú, til að deyja á krossi til að borga fyrir syndir okkar. **Jesús lifnaði á ný** og fór aftur til himnaríkis. Nú getur Guð fyrirgefið syndir okkar.

Ef þú vilt snúa baki við syndum þínum, segðu þá eftirfarandi til Guðs: Góði Guð, ég trúi að Jesús hafi dáið fyrir mig, og komið svo aftur til lífs. Ég bið þig nú að koma inni líf mitt og fyrirgefa syndir mínar, svo ég geti öðlast nýtt líf og verið með þér alla eilífd. Hjálpaðu mér að lifa fyrir þig sem Guðs barn. Amen

Lestu biblíuna og talaðu við Guð á hverjum degi!

